

---

LAGADEILD

# Viðskipti með kröfuréttindi

Hverju verður að gæta að til þess að tryggja réttarvernd  
kröfuréttinda við viðskiptagerninga?

Ritgerð til BS gráðu  
Nafn nemanda: Styrmir M. Ólafsson  
Leiðbeinandi: Unnar Steinn Bjarndal  
Vorönn – 2022



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

---



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



# Viðskipti með kröfuréttindi

Hverju verður að gæta að til þess að tryggja réttarvernd  
kröfuréttinda við viðskiptagerninga?

Ritgerð til BS gráðu

Nafn nemanda: Styrmir M. Ólafsson

Leiðbeinandi: Unnar Steinn Bjarnald

Vorönn – 2022



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

Viðskipti með kröfuréttindi: Hverju verður að gæta að til þess að tryggja réttarvernd kröfuréttinda við viðskiptagerninga?

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BS prófs við Lagadeild Háskólans á Bifröst

© 2022 Styrmir Már Ólafsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Bifröst, 2022

## Útdráttur

Viðskipti með kröfuréttindi eru algeng í viðskiptalífinu og hafa verið lengi til staðar. Slík viðskipti eru ekki án áhættu og eru þau almennt metin vera töluvert áhættusöm. Ritgerð þessi gerir grein fyrir helstu áhættunum sem fylgja slíkum viðskiptum. Mikilvægt er fyrir aðila sem stunda viðskipta með kröfuréttindi að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem eru til staðar og hvernig megi koma í veg fyrir þau.

Algengt er að kröfuréttindi eru veðsett eða framseld til þriðja aðila í þeim tilgangi að koma kröfuréttindunum í verð áður en komið er að greiðsludag. Mismunandi aðferðir eru til þess að koma kröfuréttindunum í verð og farið verður yfir helstu aðferðir og hvað ber helst að varast við hverja aðferð.

## **Abstract**

Claims are common in the business world and have been around for a long time. Such transactions are not without risk and are generally considered to be high risk. This dissertation outlines the major risks involved in such transactions. It is important for parties engaged in claims trading to be aware of the risks that exist and how they can be prevented.

It is common for claims to be mortgaged or transferred to a third party for the purpose of valuing the claims before the payment date. There are different methods for valuing the claims and the main methods will be reviewed and what should be avoided with each method.

## Formáli

Lokaverkefni þetta gildir til 12 ECTS eininga til BS gráðu í Viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst. Titill verkefnisins er Viðskipti með kröfuréttindi: Hverju verður að gæta að til þess að tryggja réttarvernd kröfuréttinda við viðskiptagerninga?

Undirritaður vill þakka eftirtöldum aðilum fyrir þá aðstoð og stuðning við gerð ritgerðarinnar.

Fyrst og fremst vill ég þakka eiginkonu minni, Þórhildi Kristínu Bachmann (Bessý) og börnunum okkar þremur fyrir þolinmæði og stuðning á meðan ritgerðar skrifum stóð.

Næst vill ég þakka móður minni og tengdaforeldrum fyrir aðstoðina á álagstímum án þeirra hefði þetta ekki verið hægt.

Síðast en ekki síst við ég þakka Þórarni Halldóri Óðinssyni og Óðni Sigþórssyni fyrir ómetanlegan stuðning og aðstoð á lokametrinum.

Undirritaður lýsir því hér með yfir að hafa unnið lokaverkefni þetta einn, undir leiðsögn Unnars Steins Bjarndal og samræmi við reglur Háskólans á Bifröst um tilvísanir og vinnslu heimilda eftir bestu getu.

Borgarnesi 6. maí 2022

Styrmir Már Ólafsson

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
1 Kröfuréttur .....	2
1.1 Hugtakið krafa.....	2
1.2 Skuldarasamband.....	3
1.3 Greiðsla kröfu.....	4
2 Framsal kröfuréttinda .....	7
2.1 Aðilaskipti á kröfuréttinda .....	7
2.1.1 Framsal viðskiptabréfakrafna .....	10
2.1.2 Framsal almennra krafna .....	11
3 Veðréttur.....	12
3.1 Hugtakið veðréttur.....	12
4 Veð í kröfuréttindum .....	15
4.1 Mismunandi leiðir til veðsetningar .....	15
4.2 Handveð.....	17
5 Heimild til veðsetningar .....	21
5.1 Meginreglan um stofnun veðs .....	21
5.2 Lög og samningsbundar takmarkanir á heimild til veðsetningar .....	22
5.3 Takmarkanir á veðsetningaheimild einstaklinga .....	23
6 Niðurstöður.....	24
Heimildaskrá.....	26
Lagaskrá.....	27
Dómaskrá .....	27



## Inngangur

Viðskipti með kröfuréttindi hafa lengi átt sér stað í viðskiptalífinu og eru mismunandi aðferðir sem notaðar eru við slík viðskipti. Töluverð áhætta getur fylgt viðskiptum með kröfuréttindi og er áhættan mismunandi eftir því hvaða leið er farið. Þörfina fyrir slík viðskipti má rekja til þess þarfar kröfuhafans til þess að fá endurgjald fyrir kröfuna áður en gjalddagi hennar er kominn. Þar sem um er að ræða áhættusöm viðskipti er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvað áhættur eru fólgnar í slíkum viðskiptum og hvað ber að varast.

Margar mismunandi ástæður geta búið á bak þörf aðila til þess að framselja eða eiga viðskipti með hin ýmsu kröfuréttindi. Til að mynda getur einstaklingur verið að selja fasteign og kaupa sér nýja fasteign og þurft að brúa bilið með því að framselja til viðskiptabanka kröfuréttindum sem hann hefur á hendur kaupanda svo hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart seljanda nýrrar fasteignar.

Ritgerð þessi stefnir að því að gera grein fyrir þeim áhættum sem fylgja viðskiptum með kröfuréttindi og er notagildi hennar bæði fræðilegt og hagnýtt. Ritgerð þessi gagnast aðilum í viðskiptalífinu sem hafa hagsmuni af því að stunda viðskipti með kröfuréttindi og veitir þeim hagnýtar leiðbeiningar um hvað ber að varast við slík viðskipti. Fræðilegt gildi ritgerðar þessarar er samansafn af fræðilegum heimildum er varða kröfuréttindi og greinarmunur á helstu tegundum kröfuréttinda, dómaframkvæmd er reifuð og sett í samhengi við fræðilegar heimildir til að veita dýpri innsýn í fræðilega

Þar af leiðandi er rannsóknarspurning ritgerðarinnar þessi „Hvað ber að varast til þess að tryggja réttarvernd kröfuréttinda í viðskiptagerningum?“

Byrjað verður á því að skilgreina lykilhugtök sem notuð eru við umfjöllun á úrlausnarefninu. Gert verður grein fyrir hlutverki hvers hugtaks fyrir sig þegar átt er viðskipti með kröfuréttindi. Að því loknu verður gerð grein fyrir helstu áhættunum sem fylgja mismunandi aðferðum til þess að stunda slík viðskipti.

Reifaðir verða dómar er tengjast viðfangsefninu til að gera grein fyrir helstu álitamálum við framkvæmd viðskiptagerninga með kröfuréttindi ásamt því að helstu lög og lagareglur er snerta úrlausnarefnið verða túlkuð með hliðsjón af dómaframkvæmd.

# 1 Kröfuréttur

Mikilvægt er að skilgreina hugtakið um kröfu í því samhengi sem hún verður reifuð í ritgerð þessari. Það er mikilvægt í samhengi þess að hægt sé að gera fullkomlega grein fyrir því hvert er andlag viðskiptanna og á hverju þetta andlag byggist.

Í þessum kafla verður byrjað á því að skilgreina hugtakið krafa og þar á eftir verður fjallað um greiðslu og greiðslustað, að lokum verður fjallað um skuldarasamband og mismunandi tegundir þess.

## 1.1 Hugtakið krafa

Orðið kröfuréttur hefur þrjár mismunandi merkingar innan lagaumhverfisins. Í fyrsta lagi getur verið átt við allar réttarreglur sem snerta kröfuréttindi t.d. í dómaframkvæmd þegar verið er að skírskota í tilteknar meginreglur eða almennar reglur í kröfurétt, dæmi um þessa notkun má sjá í Hrd. 153/2000 þar sem er skírskotað í almenna reglu í kröfurétt og Hrd. 248/2003.<sup>1</sup> Önnur merking orðsins kröfurétt getur verið heimildir sem kröfuhafi býr yfir, sama og kröfuréttindi. Notkun hugtaksins í þeirri merkingu er algeng í lagaheitum t.d. lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda (hér eftir fyrnl. Í þriðja lagi getur kröfuréttur verið heiti á fræðasviðs innan lögfræðinnar og fræðarita sem innan fræðasviðsins.<sup>2</sup>

Almenn stofnast kröfur samkvæmt þremur leiðum, það eru með samning, athöfn eða athafnaleysi sem leitt getur til skaðabótaskyldu og þegar mögulegt er að gera endurkröfu á peningagreiðslu á grundvelli reglunnar um óréttmæta auðgun.<sup>3</sup>

Krafa er lögvarin heimild kröfuhafa til þess að krefja skuldara um ákveðna athöfn eða athafnaleysi.<sup>4</sup> og er í þessu samhengi átt við réttindi sem aðili eignast þegar látið er verðmæti af hendi gegn endurgjaldi og hefur þá sá aðili sem á rétt á endurgjaldi kröfu á hendur þess sem tók á móti verðmætunum til að fá þau verðmæti afhent sér, í flestum tilvikum er um að ræða peningaverðmæti. Í þessu sambandi má skilgreina hugtakið

---

<sup>1</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 17.

<sup>2</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 17.

<sup>3</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 18.

<sup>4</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 18.

greiðslu sem verðmæti sem skuldari hefur með samningi samþykkt að afhenda kröfuhafa.<sup>5</sup>

Þegar átt er viðskipti með kröfuréttindi skiptir sköpum að hægt sé að sýna fram á tilvist þeirra sbr. Hrd. 21/2001 þar kærði K að aðfaragerð sem var gerð í fasteign í eigu K á grundvelli kröfu sem E hafði fengið framselda frá Landsbanka Íslands. K hafði skjöl sem gátu sýnt fram á að krafan hafi verið greidd áður en áritaða stefnan frá Landsbanka Íslands hafi verið framseld til K. Var talið að kröfu Landsbanka Íslands á hendur skuldurum lauk þegar krafan var greidd þann 7. mars 1991. Engin gögn voru til um framsal kröfunnar til greiðanda og ekkert liggur fyrir um ástæðu þess að Landsbanki Íslands framselur kröfuna meir en átta mánuðum eftir að hún var greidd. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að sá sem krefst aðfarar ber ábyrgð á því að sýna fram á tilvist kröfunnar og hann sé réttthafi hennar. Hæstiréttur taldi ekki hafa verið sýnt fram á tilvist kröfunnar þar sem hún hafði verið greidd þann 7. mars 1991 og var ekki hægt að sýna fram á að sá sem krafðist aðfaragerðarinnar hafi verið réttthafi kröfunnar þar sem engin gögn lágu fyrir um framsal hennar frá Landsbanka Íslands.

Ef kröfuhafi getur ekki sýnt fram á tilvist kröfu á fullnægjandi hátt verður að meta málið honum til halla. Kröfuhafi ber því ábyrgð á því að viðhalda gögnum og öðrum því sem getur sýnt fram á þau kröfuréttindi sem hann á hendur öðrum ella geta þau glatast.

Í næsta kafla verður kafað dýpra ofan í tvær tegundir skuldarasambands, einhliða skuldarasamband og gagnkvæmt skuldarasamband. Byrjað verður á að skilgreina hugtökin og svo verður gert grein fyrir þeim mismun þessara tveggja tegunda skuldarasambanda.

## 1.2 Skuldarasamband

Með skuldarasambandi er átt við réttarsamband milli tveggja aðila þar sem annar aðilinn hefur kröfu á hendur hinum, hvort sem um er að ræða eina eða fleiri kröfur.<sup>6</sup> Skuldarasamband getur einnig verið gagnkvæmt og eiga þá báðir aðila kröfur til greiðslu af hálfu hins, t.d. verksamningar þar sem annar aðilinn lofar að greiða ákveðna fjárhæð

---

<sup>5</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu bls. 18.

<sup>6</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu bls. 67.

gegn því að hinn aðilinn framkvæmi tilgreint verk. Einhliða er skuldarasamband er þegar aðeins einn kröfuhafi sem á kröfu á hendur skuldara, t.d. skuldabréf þar sem annar aðilinn lofar að greiða tiltekna fjárhæð til kröfuhafans.

Í gagnkvæmum skuldarasamböndum, þar sem kröfuhafi hefur ekki efnt skyldur sínar að fullu samkvæmt því samkomulagi sem er til staðar, hefur skuldari töluverða hagsmuni að viðhalda bæði vilja og getu kröfuhafa til að efna að fullu skyldur sínar samkvæmt samningnum. Með það að leiðarljósi gilda ákveðnar reglur sem hafa takmarkandi áhrif á bæði réttaráhrif á framsal slíkra krafna ásamt heimildinni til að framselja slíkar kröfur. Eftir því hver kröfuhafinn er getur verið töluverður munur á skyldum skuldarans. Þetta á meðal annars við um vinnusamninga og afnotasamninga. Slíkum samningum getur kröfuhafi ekki framselt rétt sinn.<sup>7</sup>

Í kafla 1.3 verður fjallað um hugtakið greiðslu og hvernig hugtakið er notað í kröfuréttarlegu samhengi. Tilgangur hugtaksins um greiðslustað verður reifaður og hvernig afhendingarstaður og greiðslustaður geta verið sami staður eða mismunandi staðir og hvaða máli það skiptir í viðskiptum með kröfuréttindi.

### 1.3 Greiðsla kröfu

Eitt ef megin viðfangsefni fræðasviðsins kröfuréttar er greiðslan. Greiðsla getur átt við mismunandi hluti innan fræðagreinarnar og skiptir máli í hvaða samhengi hugtakið er notað.<sup>8</sup> Það eru meðal annars almennar reglur sem snúa að greiðslustað kröfu en með hugtakinu greiðslustaður er átt við hvar greiðslan má eða á eiga sér stað.<sup>9</sup> Greiðslustaður kröfu getur verið t.d. bankareikningar kröfuhafa.

Í dómaframkvæmd kemur skýrt fram að greiðslustaður kröfu er mikilvægur. Í hrd. 491/2016 var kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem viðurkennt var að kröfu K ehf. yrði við gjaldþrotaskipti á þb. I ehf. skipað í réttindaröð samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Samkvæmt samkomulagi milli S ehf., síðar I ehf., og I Ltd. sem gert var í janúar 2006 skuldbatt S ehf. sig til að greiða I Ltd. tilgreinda fjárhæð og skyldi I Ltd. endurgreiða hana með nánar tilgreindum hætti. Með samningi 6. janúar 2006

---

<sup>7</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 76 – 77.

<sup>8</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 37.

<sup>9</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu bls. 37.

fékk S ehf. lán úr hendi K ehf. sem lagt var inn á vörslusafn félagsins hjá K ehf. Var lánið síðar notað á árinu 2006 til að inna af hendi hluta af greiðslu samkvæmt samkomulaginu milli S ehf. og I Ltd. Hélt K ehf. því fram að með samningi milli K ehf. og S ehf. 16. janúar 2008 hefði S ehf. sett að handveði öll verðmæti á vörslusafni félagsins til tryggingar efndum samningsins frá 6. janúar 2006. Bú I ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 26. júlí 2009 og bú I Ltd. 8. mars 2010. Í dómi Hæstaréttar kom fram að þegar þb. I ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta hefði hvorki I Ltd. né þrotabú þess staðið félaginu skil á greiðslum samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi. Við uppkvaðningu gjaldþrotáúrskurðarins hefði þb. I ehf. því öðlast samsvarandi fjárkröfu á I Ltd. að því tilskildu að slíkt færi ekki í bága við réttindi annarra, sbr. 1. mgr. 72. gr. laga nr. 21/1991. Ekkert lægi fyrir um að K ehf. eða I ehf. hefði áður tilkynnt I Ltd. um að krafan væri veðsett, svo sem áskilið væri í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 75/1997. Ákvæði í samningi þess efnis að skuldari skyldi inna greiðslu af hendi á tiltekinn reikning gæti ekki komið í stað slíkrar tilkynningar. Var því ekki talið að krafa þb. I ehf. á hendur I Ltd. og síðar þrotabúi þess væri undirorpin veðrétti K ehf. Samkvæmt þessu var kröfum K ehf. á hendur þb. I ehf. hafnað, en K ehf. lýsti kröfum í búið eftir að kröfulýsingarfresti lauk.

Þegar greiðsla hefur verið framkvæmd hefur krafan uppfyllt tilgang sinn og líður undir lok. Endalok kröfunnar geta átt sér stað með öðrum hætti en algengast er kröfuréttindum ljúki með greiðslu.<sup>10</sup> Greiðslan getur því bæði verið efni og andlag kröfuréttinda.<sup>11</sup>

Þegar umfjöllun um endalok kröfu á sér stað er gerð grein fyrir greiðsluandlaginu og hvernig skilyrðum um framkvæmd greiðslunnar er háttað og hvenær greiðslan þurfi að eiga sér stað til þess að skuldin sé uppgerð og skuldarsambandinu lokið.<sup>12</sup>

Greiðsla getur einnig átt sér stað með skuldajöfnuð, það er þegar báðir aðilar í tvíhlíða skuldarsambandi eiga kröfu á hendur hvor öðrum og geta þá jafnað tvær kröfur saman og á greiðslan sér stað með öðrum verðmætum en peningum. Niðurstaðan eftir jöfnunina er sú sama og greiðslan hafi verið greidd með peningum.<sup>13</sup>

---

<sup>10</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 40 – 41.

<sup>11</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 67.

<sup>12</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 40 – 41.

<sup>13</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 41.

Fer það eftir samningum hverju sinni hvenær skuldari þarf að greiða kröfuna. Skuldari getur þurft að greiða kröfuna strax við stofnun skuldarasambandsins og getur greiðsluskyldan náð yfir lengra tímabil og geta verið ýmsir fyrirvarar eða skilyrði bundnir við greiðsluskylduna.<sup>14</sup>

Samkvæmt eðli kröfuréttinda er þeim ekki ætlað að vara að eilífu og er líftíminn oftast ekki langur. Ýmsar leiðir eru fyrir kröfuréttindi að líða undir lok og er algengast að kröfuréttindum líði undir lok með greiðslu. Ef krafa líður ekki undir lok með eðlilegum hætti og þau ekki nýtt í ákveðinn tíma og aðrar ráðstafanir ekki gerðar geta kröfuréttindi fyrnst, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda (hér eftir fyrnl.).

Samkvæmt 24. gr. fyrnl. þá glatar kröfuhafi rétt sínum til þess að fara fram á efndir þegar kröfuréttindi fyrnast. Hið sama gildir um önnur réttindi sem byggja réttindi sín á kröfunni sjálfri, sem eru vextir, verðbætur, arður og aðrar viðbótagreiðslur. Almennt gildir sú regla að kröfuréttindi fyrnast á fjórum árum sbr. 3. gr. fyrnl. Fram kemur í 27. gr. fyrnl. að þrátt fyrir að kröfuréttindi fyrnist hefur sú fyrning ekki áhrif á veðrétt og annan haldsrétt. Slík tryggingaréttindi standa þrátt fyrir að krafan sem veðréttindin eiga að tryggja fyrnist. Á þessari meginreglu er þó undantekningar og ef krafa er tryggð með lögveði þá fellur lögveðið niður við fyrningu kröfuréttindinna sbr. 27. gr. fyrnl.

---

<sup>14</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 67.

## 2 Framsal kröfuréttinda

Getur kröfuhafi hvenær sem er og án samráðs við skuldara framselt kröfu sína til annars manns? Sama álitaefni á við um skuldara, þ.e. getur hann hvenær sem er og án samráðs við kröfuhafa sett annan skuldara í sinn stað?<sup>15</sup>

Í kafla 2. verður fjallað um framsal kröfuréttinda og þeim tilgang sem slíkur gerningur þjónar. Gerð verður grein fyrir tveimur mismunandi tegundum kröfuréttinda og hvað aðgreinir þessar tvær tegundir. Í lokin verður gerð grein fyrir því hvers vegna það skiptir máli við framsal kröfuréttinda hvor tegundina sé um að ræða.

### 2.1 Aðilaskipti á kröfuréttinda

Líkt og með önnur eignarréttindi geta átt sér stað aðilaskipti á kröfuréttindum. Aðilaskiptin geta orðið annaðhvort með því að nýr kröfuhafi komi í stað fyrri kröfuhafa og með því að nýr skuldari taki á sig skuldina í stað fyrri skuldara.<sup>16</sup> Þegar nýr kröfuhafi tekur við fyrri kröfuhafa er talað um framsal á kröfu telst það til afsalsgjörnings sem er byggður á samningi eða loforði frá þeim sem framselur kröfuna til þess tekur við sem kröfuhafi (framsalshafa). Slíkur samningur eða loforð er skuldbindandi samkvæmt almennum reglum um skuldbindingargildi loforða.<sup>17</sup>

Skilyrði fyrir því að heimilt sé að framselja kröfuréttindi er að framseljandi kröfuréttindinna hafi heimild til ráðstöfunar á kröfuréttindunum á þann veg sem gert er ráð fyrir í framsalssamningnum hverju sinni.<sup>18</sup> Framseljandi þarf því með öðrum orðum að vera réttthafi kröfunnar svo hann hafi heimild til framsals.<sup>19</sup>

Þegar kröfuréttindi eru framseld þarf að vera skýrt um hvernig kröfuréttindi er verið að framselja þar sem mismunandi reglur gilda um hvor tegundina fyrir sig. Kröfuréttindi skiptast í tvo flokka, þ.e. almennar kröfur og gilda um þær almennar reglur og viðskiptabréfakröfur og gilda um þær sérreglur.<sup>20</sup> Nánar verður gerð grein fyrir

---

<sup>15</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 40 – 41.

<sup>16</sup> Þorgeir Örlygsson. (1992). Skuldaraskipti. bls. 20.

<sup>17</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 81.

<sup>18</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 81.

<sup>19</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 81.

<sup>20</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 41.

mismunandi reglum sem gilda um framsal almennra og viðskiptabréfakrafna í köflum 2.1.1. og 2.1.2.

Ein af meginreglum kröfuréttarins fjallar um frjáls kröfuhafaskipti og er megin innleg hennar að kröfuhafaskipti geta átt stað án þess að skuldari veiti samþykki sitt fyrir þeim og geta slík aðilaskipti átt sér stað á alla þá vegu sem geta leitt til aðilaskipta á eignarréttindum eins og t.d. afsalsgjörningar, með erfðum, með aðför eða með framsali til skuldheimtumanna.<sup>21</sup>

Megin tilgangur þessarar meginreglna um frjáls kröfuhafaskipti eru rökstudd með því að það skiptir skuldarann í almennt ekki hver kröfuhafinn er. Þrátt fyrir það eru ýmis frávik frá þessari meginreglu og ýmsar skorður eru settar við kröfuhafaskipti í lögum, samningsákvæðum og á grundvelli ýmissa réttarreglna. Sem dæmi um þessar skorður má nefna gagnkvæman samning og geta þá báðar aðilar fyrir sig framselt kröfuréttindi sín til þriðja aðila án samþykkis mótaðila en þrátt fyrir það leysir það hann ekki undan öðrum skuldbindingum samningsins.<sup>22</sup> Það er því ljóst að sömu réttarreglur eiga ekki við framsal krafna í einhliða skuldarasamböndum og gagnkvæmum skuldarasamböndum.

Það eru mörg rök sem mæla fyrir því að setja ekki of þröngar skorður á aðilaskipti krafna. Þar koma til dæmis til álita þarfir viðskiptalífsins, hagsmunir kröfuhafa að geta komið kröfu sinni í verð áður en komið er að gjalddaga. Í þessu samhengi má aftur nefna að það skiptir skuldara litlu máli hver kröfuhafi hans er á meðan passað er upp á að skyldur hans gagnvart kröfuhafanum verði óbreyttar þegar framsal á kröfu á sér stað í einhliða skuldarasambandi.<sup>23</sup>

Sá réttur sem framsalshafi öðlast þegar hann fær kröfu framselda til sín er sá samningur sem liggur til grundvallar á framsalinu. Almennt lýtur réttarsamband framsalshafa og framseljanda þeim almennu réttarreglum sem gilda um efndir og vanefndir samninga og gilda ákvæði laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup um kaup og sölu krafna. Almennt er talað um að kröfur ganga kaupum og sölum og telst því að framsalshafi vera kaupandi kröfuréttindinna og framseljandi telst vera seljandi þegar krafa er seld og framseljandi fær peningagreiðslu í stað kröfunnar.<sup>24</sup>

---

<sup>21</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 74

<sup>22</sup> Þorgeir Örlygsson. (1992). Skuldaraskipti. bls. 20.

<sup>23</sup> Þorgeir Örlygsson. (1992). Skuldaraskipti. bls. 77.

<sup>24</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 81.



Ef vanefndir eru á skyldum framseljanda gagnvart framsalshafa gilda almennarréttarreglur kröfuréttarins og getur framsalshafi þá farið fram á skaðabætur eða riftsamningnum samkvæmt þeim.<sup>25</sup> Túlkun samnings um framsal ræður því hvort framsalshafi hljóti öll réttindi framseljandi á hendur skuldara eða einungis hluta þeirra. Ef engar takmarkanir koma fram í framsalssamningnum þá er almennt lagt til grundvallar að framsalshafi fái öll þau réttindi sem framseljandi bjó yfir ásamt öllum mögulegum viðbótarréttindum eins og veð og ábyrgðir ef þau eru til staðar að því skilyrði að þau eru framseljanleg réttindi.<sup>26</sup>

Í hrd. 82/2012 voru K hf. og K ehf., sem D ehf. leiddi rétt sinn frá, gerðu með sér svonefnda skiptasamninga á árinu 2008. Í samningunum og skilmálum við þá var tiltekið að óheimilt væri að framselja réttindi og skyldur samkvæmt þeim til þriðja manns nema með samþykki beggja samningsaðila. Þrátt fyrir það framseldi K ehf. kröfur sínar á grundvelli samninganna til þriðja manns án samþykkis K hf., sem aftur framseldi þær til D ehf. Með úrskurði héraðsdóms, sem Hæstiréttur staðfesti, var kröfu D ehf., sem félagið lýsti við slit K hf. í tilefni þessa, hafnað með vísan til þess að D ehf. ætti engar kröfur á hendur K hf. samkvæmt samningunum.

Við framsal kröfuréttinda þarf að gæta að rétt sé staðið að málinu svo ekki verði tjón af. Í Hrd. 51/2019 var ágreiningur um hvort A ehf. bæri greiðsluskyldu gagnvart L ehf. vegna ofgreiðslu L á vöxtum á skuldabréfi sem gefið hafði verið út til D ehf. og A ehf eignast síðar og L ehf. tekið að sér greiðslu með skuldskeytingu. Við framsal á viðskiptabréfskröfu er að finna verulegt frávik frá meginreglunni um kröfuhafaskipti að framsalshafi öðlast ekki betri rétt á gagnvart skuldara en framseljandi átt. Hæstiréttur mat að þar sem svo verulegt frávik á við um framsal á viðskiptabréfskröfum verður vera ótvírætt að um sé að ræða viðskiptabréfskröfu. Hæstiréttur taldi einnig að til þess að skuldabréfið gæti með réttu talist viðskiptabréf væri því lýst yfir af skuldara einhliða og án allra skilyrða að hann lofaði að greiða kröfuna og að yfirlýsingin þyrfti að koma fram á bréfinu sjálfu. Ekki var talið að duga að L ehf hafi undirritað sérstaka yfirlýsingu sem var útbúin á öðru skjali. Þar af leiðandi hafi krafan breyst við skuldaraskiptin úr því að vera viðskiptabréfskrafa yfir í að vera almenn fjárfkrafa.

---

<sup>25</sup> Ólafur Lárusson. (1965). Kaflar úr kröfurétti Ólafs Lárussonar. bls. 44-45 og Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 81.

<sup>26</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 82.

Fram kemur í þessum dómi mikilvægi þess að gæta að þeim formsskilyrðum sem eru til staðar því ella kunni að glatast ýmis réttindi sem kröfuhafi kann að eiga á hendur skuldara. Fram kom í dómi Hrd. 51/2019 mikilvægi þess að staðið sé rétt að málum þar sem, eins og áður hefur komið fram, sérreglur gilda um framsal viðskiptabréfa kunnu að tryggja framsalshafa frekari réttindi en framseljanda. Þar sem metið var sem svo að skuldabréfið hafi ekki uppfyllt skilyrði um viðskiptabréf varð að fylgja eftir reglum um almennar kröfur.

Eins og fram hefur komið eru tvær tegundir krafna og er mismunandi hvaða skilyrði eru á bakvið aðilaskipti ásamt því að mismunandi réttindi fylgja hverju sinni. Í kafla 2.1.1. verður nánar fjallað um framsal á viðskiptabréfakröfum og helstu skilyrði fyrir því að krafa teljist viðskiptabréfskrafa og geti verið framseld í samræmi við þær réttarreglur sem gilda um framsal viðskiptabréfskrafa. Í kafla 2.1.2. verður farið nánar í framsal á almennum kröfum ásamt helstu skilyrðum fyrir því að framsal sé löglegt.

### **2.1.1 Framsal viðskiptabréfakrafna**

Eins og áður hefur komið fram gilda ákveðnar sérreglur um framsal á viðskiptabréfakröfum og getur framsalshafi öðlast, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, þau réttindi sem má lesa af viðskiptabréfinu sem kann að leiða til þess að framsalshafi öðlast öðruvísi og meiri rétt en sá sem framseljandinn átti.<sup>27</sup>

Almennt eru viðskiptabréf skilgreind sem öll bréf sem eru keypt og seld á sama hátt og skuldabréf, þurfa því að gilda sambærilegar reglur um slíka viðskiptagerninga.<sup>28</sup> Til þess að geta talist til viðskiptabréfa þarf krafan að vera gefin út á áþreifanlegt bréf.<sup>29</sup>

Meginmarkmið með sérreglunum um framsal á viðskiptabréfum er að tryggja framsalshafanum þann rétt sem fram kemur í bréfinu<sup>30</sup> ásamt því að gera viðskipti með viðskiptabréf eins örugg og trygg og mögulegt er og takmarka áhættuna sem fylgir slíkum viðskiptum.<sup>31</sup> Það er gert með því að framsalshafinn öðlast þann rétt sem fram kemur á bréfinu og getur hann því aðeins verið viss um réttindi sín með því að kynna sér

---

<sup>27</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1: Efndir kröfu. bls. 39 – 40.

<sup>28</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 77.

<sup>29</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 78.

<sup>30</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 78.

<sup>31</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 78.

viðskiptabréfið sjálft. Þessi regla getur leitt til þess að framsalshafinn öðlast meiri rétt á hendur skuldaranum, og þriðja aðila, en framseljandinn gerði. Þeir hlutir sem samdir voru um munnlega og voru ekki skrifaðir á bréfið sjálft geta því valdið því að skuldari getur tapað þeim rétt sínum að bera fyrir sig mótbárur gagnvart framsalshafanum sem hann hafði á hendur framseljandanum.<sup>32</sup>

Nokkur munur er á réttarreglunum um framsal á viðskiptabréfskröfum og almennum kröfum. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þessum mun og verður hér farið nánar út í hver munurinn og hvers vegna þessi munur er mikilvægur

### 2.1.2 Framsal almennra krafna

Þær kröfur sem uppfylla ekki skilyrði um viðskiptabréfakröfur teljast sem almennar kröfur og geta þær verið bæði skriflegar og munnlegar.<sup>33</sup>

Um framsal almennra kröfuréttinda gildir sú meginregla að framsalshafi öðlast sama rétt og framseljandi og að jafnaði ekki meiri rétt. Í Hrd. 112/1986 var framseldur víxil til Oy Credit Ab og komst Hæstiréttur meðal annars orði á það framsalið hafi einungis áhrif sem framsal á almennri kröfu og öðlast framsalshafi því eingöngu þau réttindi sem framseljandi átti. Því er tilgangur reglna um framsal á almennum kröfum er sá að tryggja skyldur skuldara aukist ekki við framsal kröfuréttinda.<sup>34</sup>

Framsal á almennum kröfum er því frábrugðið framsali viðskiptabréfskrafna á þann hátt að viðskiptabréfskröfur þurfa að vera gefnar út bréflega en almennar kröfur geta verið bæði munnlegar og bréflegar. Tilgangur með reglum um framsal viðskiptabréfa er að auðvelda viðskipti með slík kröfuréttindi og tilgangur reglna um almenn réttindi er að ganga úr skugga að skyldur skuldara aukist ekki þegar framsal á sér stað.

Það er því ljóst að mikilvægt er að skýrt sé hvort krafa teljist viðskiptabréfskröfa eða almenn krafa en slíkt skiptir máli ef vanefnd verður á kröfunni og krefjast þarf efnda.

---

<sup>32</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 78.

<sup>33</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 77.

<sup>34</sup> Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. bls. 78.

### 3 Veðréttur

Við þau viðskipti sem eiga sér stað með kröfur og kröfuréttindi kemur oft fyrir að kröfuréttindi séu veðsett til þriðja aðila til að fjármagna rekstur eða jafnvel framkvæmdir við húsbyggingar. Það getur oft verið erfitt fyrir lítil fyrirtæki að fjármagna sig ef eigandi eða félag hafa ekki í boði fasteignaveð eða önnur sambærileg veð. Flestum rekstraraðilum stendur þá til boða að veðsetja þær kröfur sem þeir eiga á hendur annars aðila. Þegar kemur að veðsetningu, hvort sem það eru kröfuréttindi eða önnur veð er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvaða máli veðréttur skiptir og hvaða áhrif veðréttur getur haft á efndir kröfuréttinda. Í kafla 3.1 verður hugtakið um veðrétt skilgreint, fjallað verður um hvað veðréttur er og helstu einkenni hans. Farið verður yfir skilgreiningu á rétthafa kröfu og hvað atvik geta átt sér stað ef óljóst er hver rétthafi kröfuréttindinna er og að lokum verður svo fjallað um hvernig samningsveð geta liðið undir lok og helstu álitamál sem snerta lok samningsveða.

#### 3.1 Hugtakið veðréttur

Veðréttur er skilgreindur í 1. mgr. 1. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 (hér eftir svl.) sem forgangsréttur til að leita fullnustu fyrir veðkröfu í tilteknu fjárverðmæti, þ.e. veðinu. Með því er átt við heimildir veðhafans til þess að ganga framár öðrum almennum kröfuhöfum að tiltekinni eign eða fjárverðmætum sem hafa verið sett honum til veðs ef greiðsla hefur ekki átt sér stað. Getur þá veðhafinn gengið á veðandlagið til þess að koma veg í fyrir að hann tapi fjármunum.<sup>35</sup>

Hægt er að stofna til veðréttar eftir mismunandi leiðum. Þau veðréttindi sem stofnuð eru með löggerning eru kölluð samningsveð en aðrar tegundir veða eru t.d. aðfaraveð og lögveð.<sup>36</sup> Samningsveð má skilgreina sem samning sem tilgreinir þær kröfur sem veðrétturinn tryggir og skilgreinir hversu umfangsmikill sá réttur veðhafans er. Til þess að samningurinn sé löglegur þarf hann að samræmast almennum reglum um gildi loforða en einnig þarf samningurinn vera í samræmi við ákvæði laga sem hafa áhrif á umfang veðréttarins.<sup>37</sup>

---

<sup>35</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 43.

<sup>36</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 44.

<sup>37</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 44.

Þegar veð er tekið í fasteign eða öðrum verðmætum eru verðmætin trygging fyrir efndum veðsala á skuldbindingum sem veðsali hefur stofnað til gangvart kröfuhafa og verði vanefnd getur kröfuhafi gengið á verðmætin sem sett voru að veði. Oftast þegar fasteign er keypt og fengin er fyrirgreiðsla hjá fjármálastofnun til þess að fjármagna kaupin þá þarf kaupandinn að veðsetja fasteignina til tryggingar á skuldbindingu sinni gagnvart fjármálastofnunni. Ef ekki er greitt af fyrirgreiðslunni gagnvart fjármálastofnunni telst það vera vanefnd og getur þá kröfuhafinn gengið á fasteignina til þess að knýja fram efndir af hálfu skuldarans. Þegar gengið er á veð þarf að koma því í verð og er þá oft notast við nauðungaruppboð og er þá söluandvirði verðmætanna notað til þess að greiða skuldbindingar veðsala.<sup>38</sup>

Segja má að veðréttindi séu þau takmörkuðu eignarréttindi sem eru hvað þekktust og hafa mest áhrif þegar kemur að fjármálagerningum.<sup>39</sup> Á flestum fasteignum hvíla veð frá fjármálastofnunum vegna fjármögnunar á kaupum á umræddri fasteign. Í sumum tilvikum eru fleiri en eitt veð og eru þau sín á milli mismunandi rétthá og um samband milli veðréttá gildi 13. gr. svl. Þar kemur fram að ef um er að ræða fleiri en veðrétt frá mismunandi aðilum þá gengur eldri réttur fyrir þeim yngri nema annað sé tilkomið vegna samninga eða annarra reglna. Þegar gengið er á fasteign skiptir rétthæð veðréttar miklu máli. Sá sem er rétthæstur á því forgangskröfu og eru mestar líkur að hún fáist greidd.

Til viðbótar samningi aðila getur það ráðist af ákvæðum laga, hversu umfangsmikill veðrétturinn er eða hverjar kröfur hann tryggir. Þannig kemur það fram í t.d. 16. gr. svl., til hverra verðmæta veðréttur í fasteign nær. Segir þar, að leiði annað ekki af samningi, nái veðréttur í fasteign til lands, eða lóðar; húsa og annarra bygginga og mannvirkja, sem reist hafa verið eða reist verða á landi eða lóð; lausafjár, sem við kaup og sölu telst venjulegt fylgifé þeirrar fasteignar, sem veðsetningin nær til; sameignaréttinda, afnotaréttinda, félagsréttinda og annarra réttinda, sem heyra til hinni veðsettu eign.<sup>40</sup>

Rétt eins og er með kröfuréttindi geta verið ýmsar ástæður fyrir því að veðréttindi eru felld niður. Oft er það með að einhver gengur í persónulega greiðsluábyrgð fyrir því að krafan sé greidd og fylgir veðtrygging því. Það er því oft mikil tenging á milli veðréttar og

---

<sup>38</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 44.

<sup>39</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 43.

<sup>40</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 77.

kröfuréttar og er tilvist kröfu forsenda fyrir því að veðrétturinn sé við gildi. Það verður þá til þess að veðrétturinn fellur niður þegar krafan er uppgerð.<sup>41</sup>

---

<sup>41</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 357.

## 4 Veð í kröfuréttindum

Í næstu köflum verður fjallað um helstu tegundir veðsetningar og veðsamninga sem tengjast kröfuréttindum. Byrjað verður á að fjalla um veðsamninga og mismunandi leiðir til veðsetningar á kröfuréttindum og hvaða lagaheimildir liggja eru fyrir þeim. Dómar verða reifaðir þar til að gera grein fyrir helstu áhættum er fylgja gerð veðsamning og hvernig samningsveð líða undir lok. Í kafla 4.2 verður sérstaklega gert grein fyrir handveði en það slík veðsetning hefur mikið vægi við veðsetningu á kröfuréttindum.

### 4.1 Mismunandi leiðir til veðsetningar

Fimm mismunandi aðferðir eru mögulegar til þess að stofna til veðréttar í kröfuréttindum samkvæmt ákvæðum svl.

1. kröfuhafi getur tekið handveð í viðskiptabréfakröfum, sbr. 43. gr. svl.
2. Kröfuhafi verið með svokallað sjálfsvörsluveð í viðskiptabréfakröfum sbr. 43. gr. svl. en þá eru viðskiptabréfin í vörslu hjá veðsalanum sjálfum sbr. 2. mgr. 1. gr. svl.
3. Með handveði eða sjálfsvörsluveði í innlausnarbréfum, þrátt fyrir að innlausnarbréf telst ekki sem viðskiptabréf sbr. 44. gr. svl.
4. Með veðsetningu á Veðsetning á almennum fjárkröfum með sjálfsvörsluveði sbr. 45. gr. svl. og öðlast sú veðsetning réttarvernd þegar skuldara hefur verið tilkynnt um veðsetninguna sbr. 46. gr. svl. 5)
5. Rekstraraðila er heimilt að veðsetja almennar kröfur sem stofnast í rekstri hans og er ekki þörf að nafngreina skuldara í þessum tilvikum sbr. 47. gr. svl.

Eins og fram kemur í kafla 3.1 er með veðrétti átt við heimild kröfuhafa til þess að sækja fjárhagslegt verðmæti greiðslu með því að ganga á eign fyrir andlagi kröfunnar. Þessi skilgreining gefur til kynna að eingöngu er hægt að stofna veðréttindi í eignum sem hafa fjárhagslegt verðmæti og gefur því til kynna að heimilt sé að stofna til veðs í kröfuréttindum.<sup>42</sup>

Það fer eftir hvernig kröfuréttindi er um að ræða hvaða tryggingaráðstafanir eru til staðar og hvaða skilyrði þarf að uppfylla svo veðrétturinn öðlast réttarvernd. Þegar viðskiptabréf eru veðsett er oftast gert ráð fyrir umráðasviptingu (m.a. með handveði)

---

<sup>42</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 323.

eða bréfið sé sérstaklega áritað um veðsetninguna. Til þess að almenn fjárfrafa öðlast réttarvernd þarf skuldara að vera tilkynnt um veðsetninguna sbr. 46. gr. svl.

Við gerð veðsamninga eru ýmis skilyrði sett sem uppfylla þarf af hálfu skuldara þegar greiða skal kröfuna, þ.m.t. greiðslustaður. Skuldari þarf að vera meðvitaður um þau skilyrði sem honum eru sett þar sem ef þau eru ekki uppfyllt getur verið svo metið að krafan sé óuppgerð þrátt fyrir að skuldari telji sig hafa greitt andlag hennar til kröfuhafa. Á þetta reyndi í Hrd. 148/2014 þar sem A setti M hf. að handveði innstæðu sína á nánar tilgreindum reikningi hjá bankanum. Með yfirlýsingu nokkru síðar veitti A bankanum jafnframt veð í almennum kröfum sem A átti á hendur R vegna tveggja verksamninga í tengslum við fasteignir R. Var R og tilkynnt um veðsetninguna sama dag og tekið fram að greiðslur samkvæmt verksamningunum skyldu lagðar inn á fyrrgreindan bankareikning. Ágreiningur reis um efndir verksamninganna og rituðu A og R undir samkomulag um lokauppgjör þar sem fram kom að R greiddi 50.150.000 krónur inn á reikning A hjá Í hf. M hf. höfðaði í kjölfarið mál gegn R og krafðist, á grundvelli fyrrgreindrar veðsetningar, greiðslu á 28.281.218 krónum, sem nam yfirdrætti á reikningi A hjá M hf. Í dómi Hæstaréttar kom fram að R hafi borið að standa skil á greiðslum vegna uppgjörnsins við A í samræmi við fyrrnefnda tilkynningu um veðsetningu og hafi ekki getað losnað undan efndaskyldu með því að greiða beint til A. Var krafa M hf. því tekin til greina.

Mikilvægt er fyrir skuldara að vera meðvitaður um öllum skilyrðum sem fylgja veðsetningunni. Þegar tilkynning um veðsetninguna berst til skuldara þarf hann að vera að kynna sér þau skilyrði sem sett eru t.d. ef greiðslustaður kröfunnar er skilyrtur þarf greiðsla að vera í samræmi við svo skuldari verði ekki gerður ábyrgur gagnvart veðhafa sbr. Hrd. 14/2014. Þar sem R greiðir ekki í samræmi við skilyrtan greiðslustað er R ábyrgur gagnvart M hf þrátt fyrir að hafa greitt inn á annan bankareikning í eigu A.

Sambærilegt dæmi er að finna í Hrd. 131/1984. Þar var Ú gert að greiða reikning sem hann taldi sig hafa verið búinn að greiða þar sem ekki var fylgt fyrirmælum sem komu fram á vörureikning og mátti Ú vera ljóst að greiða í samræmi við þær upplýsingar þar sem Ú hafði greitt reikninginn til S en áletrun reikningsins gaf skýrt til kynna að greiðsla yrði ekki talin gild nema hún yrði greidd til I. Var því Ú gert að greiða I fjárhæð kröfunnar.



## 4.2 Handveð

Handveð er veðréttur þegar sem veðsalinn afhendir hið veðsetta og færir öðrum umráð yfir því sbr. 3. mgr. 1. gr. svl. og öðlast handveð réttarvernd þegar veðhafi eða annar fyrir hans hönd hefur tekið yfir umráðum yfir hinu veðsetta sbr. 2. mgr. 22. gr. svl.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. svl. er heimilt að stofna til handveðsréttar í lausafé. Til þess að handveðsréttur sé löglegur þarf löggerningur á milli veðsala og veðhafa. Það þarf þá að uppfylla öll almenn skilyrði um löggerninga og þarf veðsala m.a. að vera heimilt að veðsetja veðið og einungis þarf að vera heimilt að framselja eða veðsetja veðandlagið<sup>43</sup>, m.ö.o. þarf það að vera hægt að meta veðandlagið til fjárs. Í tilviki handveðs þarf auk þess að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja veðréttindunum réttarvernd og þarf því að koma í veg fyrir að veðsalinn geti komist yfir veðandlagið.<sup>44</sup>

Handveðssamningar þurfa ekki að vera formbundnir og gilda munnlegir samningar til jafns við skriflega. Lánastofnanir eru almennt undir frekari kröfum til að sýna fram á veðréttindi sín á skýran og ótvíræðan hátt, þarf m.a. að vera skýrt hvert umfang þeirra er. Ef lánastofnun getur ekki sýnt fram á veðréttindi sín á skýran og ótvíræðan hátt þurfa þær að bera hallan af því þegar kemur að sönnunarbyrði.<sup>45</sup> Það gildir einnig þegar tekið er handveð í fjármunum á innlánsreikning sbr. 260/1996 en þar veittu B, LV og Í veðleyfi til H gegn því skilyrði að áhvílandi sem væru áhvílandi skyldu vera greiddar upp. Samhliða veðleyfunum var nýtt skuldabréf frá H þinglýst á 1. vr. án athugasemda. Við þinglýsingu veðleyfanna var sett athugasemd um að skilyrðin hefðu ekki verið uppfyllt. Þegar fasteignin var svo sett á nauðungaruppboð gerðu B, LV og Í kröfu um að veðréttur H myndi þoka fyrir þeirra veðrétt en Hæstiréttur taldi að þeir hefðu átt, sem lánastofnanir, að tryggja það að ekki væri hægt að misfarast með lánsféð sem H veitti til skuldara og hefði átt að greiða upp áhvílandi skuldbindingar hans gagnvart B, LV og Í. Sambærileg dæmi má

Í flestum tilvikum þegar kröfuhafa eru afhent verðmæti til tryggingar á skuld er um handveð að ræða en það fer eftir frekari skýringum á löggerningnum hvort um sé að ræða handveðsrétt eða ekki. Þegar um er að ræða handveð þá felst það ekki eingöngu í því að

---

<sup>43</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 229.

<sup>44</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 229.

<sup>45</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 229 – 230.

kröfuhafi hefur umráð yfir verðmætunum heldur getur hann einnig gengið á verðmætin verði vanefnd.<sup>46</sup>

Þegar annar aðili er fenginn til að hafa umráð með veðandlaginu þá öðlast handveðréttur réttarvernd þegar umráðamaður hefur fengið tilkynningu um að veðsetning hafi átt sér stað. Hins vegar hefur umráðamaðurinn heimild til þess að hafna því að hafa umráð yfir hinu veðsetta og öðlast þá veðrétturinn ekki réttarvernd við tilkynninguna sbr. 3. mgr. 22. mgr. svl.

Í Hrd. 505/2015 óskaði A ehf að kröfu þeirra yrði skipað í réttindaröð skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 (hér eftir gbl.). Gerður hafði verið þjónustusamningur árið 2012 þar sem I ehf skuldbatt sig til þess að greiða A ehf skaðabætur ef til þess kæmi að þjónustusamningurinn yrði slitinn innan 30 mánaða eftir að stofnað hefði verið til hans. Samhliða þjónustusamningnum var gerður handveðssamningur þar sem I ehf. samþykkti að leggja að veði ákveðinn bankareikning og innistæðu á þeim reikning til þess að tryggja skuldbindingar sínar skv. þjónustusamningnum við A ehf. Þegar kom til gjaldþrota krafðist A ehf. þess að krafan skv. handveðssamningnum yrði viðurkennd sem veðkrafa sbr. 111. gr. gbl. Héraðsdómur hafði áður komist að þeirri niðurstöðu krafa A ehf. yrði ekki viðurkennd sem veðkrafa á þeim forsendum að handveðssamningurinn hefði aldrei hlotið réttarvernd í skilning 3. mgr. 22. gr. svl. þar sem L hf., sem umráðamaður veðsins, hafði neitað því að hann hefði umráð yfir hinu veðsetta þegar L hf. var tilkynnt um veðsetninguna. Var því krafan talin vera almenn krafa skv. 113. gr. gbl. Hæstiréttu staðfesti þessa niðurstöðu Héraðsdóms

Þarna hefði A ehf. mátt vera ljóst að krafan hefði ekki hlotið réttarvernd þar sem þegar L hf. hafði verið tilkynnt um að hann væri valinn umráðamaður veðseins fyrir hönd A ehf. þá hafi skriflegt svar borist strax þar sem því var hafnað af hálfu L hf. Slíkt er ekki eina tilvikið þegar kemur að handveði sem þarf að tryggja að staðið sé rétt að eða að getur valdið því ekki hægt sé að tryggja veðréttinn sem handveð veitir. Handveðsetning á bankareikning veitir til dæmis ekki réttarvernd í fjármunum sem skilyrtir eru að greiddir séu á þennan tiltekna bankareikning ef þeir hafa ekki verið greiddir sbr. Hrd. 334/2000.

Í hrd. 334/2000 seldi G tvær fasteignir og skuldbundu kaupendurnir sig til þess að greiða nánar tiltekna peningagreiðslur. Áður en kaupendur gátu greitt

---

<sup>46</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 230.

peningagreiðslurnar gerði H kröfu um fjármagn í þessum greiðslum G. Bankinn B mótmælti því að hægt væri að gera fjárnám í þessum peningagreiðslum þar sem skv. fylgiskjölum með kaupsamning voru kaupendur skilyrtir til þess að greiða allar greiðslur inn á reikning í B, þar sem greiðslurnar höfðu verið settar sem tryggingar fyrir fyrirgreiðslu sem G hafði verið veitt af B. Fram kom einnig að allar áhvílandi veðskuldir á fasteignunum væru kaupendunum óviðkomandi og hafði B ábyrgst að þeim yrði aflétt. Ekki var tali að þær kröfur G sem H hafði óskað eftir fjárnámi í hefðu verið framseldar til B og fylgiskjölin hefðu ekki að geyma veðsamning milli G og B. Yfirlýsing G þar sem B var veitt handveð í umræddum reikning var ekki heldur talinn veita veðrétt í umræddum kröfum enda hefði ekki verið búið að greiða kröfurnar inn á handveðsetta reikninginn þegar fjárnám hafði verið gert.

Með orðalagi því sem fram kom í fylgiskjölum með kaupsamningum taldi sóknaraðilar málsins að ekki væri um að ræða kröfuframsäl heldur eingöngu væri verið að veita tryggingaréttindi í greiðslunum. Með orðalaginu „trygging fyrir lánafrígreiðslu“ var ekki um yfirlýsingu sem hægt væri að telja til framsals. Töldu sóknaraðilar einnig að skýrt að orðalag fylgiskjalanna gæfi það til kynna að ekki væri um framsäl að ræða var yfirskrift gerningsins „yfirlýsing“ en ekki kröfuframsäl ásamt því skrifaði G ekki undir yfirlýsinguna sem framseljandi heldur seljandi. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að samningsviðaukarnir sýndu ekki fram á að stofnað hefði verið til veðréttar í kröfuréttindunum og þar af leiðandi hafði B ekki sýnt fram á að hann hefði réttindi sem gætu gengið framar réttindum H samkvæmt fjárnámi í þeim.

Þessi niðurstaða Hrd. 334/2000 segir okkur það að þrátt fyrir að komið sé handveð á bankareikning þá er peningagreiðsla ekki veðsett skv. handveðinu fyrr en greiðslan hefur borist á reikninginn. Skilyrði til kröfugreiðanda um að greiða skuli inn á tiltekinn reikning gengur ekki framar fjárnámi og veitir þá ekki handhafa handveðsins ekki nægjanleg réttindi til að tryggja fyrirgreiðslu sem veitt var sbr. Hrd. 334/2000. Ljóst er að slíkt skilyrði um greiðslufyrirkomulag er ekki veðsamningur og nýtur því ekki verndar sem slíkur.

Það er því ljóst að ákveðnir annmarkar eru á handveðssetningu sem mikilvægt er að hafa í huga ef notast á við handveð til þess að tryggja efndir þegar verið er að stunda viðskipti með kröfuréttindi, hvort sem það er andlag viðskiptanna eða til tryggingar á efndum í viðskiptunum.

Í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í Hrd. 334/2000 er einnig ljóst að gæta þarf að orðalagi þegar viðaukar og önnur skjöl sem eiga tryggja réttindi í kröfuréttindum. Með röngu orðalagi getur það haft gífurlega áhrif á réttarvernd kröfuréttindanna.

Síðastliðin ár hefur auk þess færost í aukana að notast við svokölluð vörureikningsveð sem fjármögnunaraðferð á kröfuréttindum og verður fjallað nánar vörureikningsveð og helstu hugmyndir og hugtök á bakvið þau í kafla 4.4. Auk þess verður kannað verður hvaða lagalegu forsendur verða að vera til staðar og hvernig þau geta nýst þegar átt er viðskipti með kröfuréttindi eða kröfuréttindin notuð til trygginga á efndum annara viðskipta.

## 5 Heimild til veðsetningar

Mikilvægt er að skilgreina hvernig og hverjum er heimilt að stofna til veðsetningar á kröfuréttindum. Í kafla 5.1. verður fjallað um meginregluna um stofnun veðs samkvæmt íslensku réttarfari sem er að finna í 2. mgr. 2. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 (hér eftir svl.) og hver helstu skilyrði eru fyrir því að heimilt sé að stofna til veðs. Í kafla 5.2. verður svo fjallað laga og samningsbundnar takmarkanir á heimild til veðsetningar og hvaða skilyrðum þarf að uppfylla til þess að veðsetning teljist lögmæt. Kafli 5.3 fjallar svo um takmarkanir á veðsetningarheimild einstaklinga.

### 5.1 Meginreglan um stofnun veðs

Íslenskur veðréttur er byggður á þeirri meginreglu sem er að finna í 2. mgr. 2. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 (hér eftir svl.) en þar kemur fram að stofnun veðs með samning verður að styðjast við lagaheimild sem er að finna í svl. eða öðrum lögum. Í því er falið að samningar sem eru gerðir um veðsetningu á öðrum hlutum en sem tilgreindir eru í veðlögum eða öðrum sérlögum eru ógildir og þá einnig milli aðilanna sem gera samninginn.<sup>47</sup>

Það er þó þannig að svl. og ýmis sérlög veita heimild til þess að stofna veð í flestum þeim verðmætum sem hafa einhverja þýðingu í fjármunalegu samhengi. Í 2. mgr. 2. gr. svl. er það einnig gefið til kynna að eingöngu er hægt að stofna veðrétt með því að fylgja lögum við framkvæmd veðsetningarinnar, að öðru leyti verði veðsetningin ógild.

Eignarétt eða eignarréttindi er heimild aðila til þess að ráða yfir tilteknu fjárverðmæti innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum eða óbeinum eignaréttindum annara.<sup>48</sup> Þegar aðili er sagður eignandi tiltekins verðmætis er verið að skírskota til heimildar hans til umráða yfir fjárverðmætinu.<sup>49</sup> Yfirráðin er margvísleg og hefur hann meðal annars heimild til þess að hagnýta sér eignina.<sup>50</sup>

Almennt er það svo að eiganda fjárverðmætis er heimilt að setja það sem tryggingu fyrir skuldbindingum sínum með því að veðsetja það og hann getur heimilað öðrum

<sup>47</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 113.

<sup>48</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 40 – 41. og Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen. (2020). Eignarréttur I: Almennur hluti. bls. 3.

<sup>49</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. bls. 114.

<sup>50</sup> Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen. (2020). Eignarréttur I: Almennur hluti. bls. 3.

mönnum slíkt hið sama. Þessi meginregla er háð ýmsum takmörkunum sem hægt er að rekja til samnings- eða lagaákvæða eða stafað af hjúskaparstöðu veðsala, gjaldþrotaskiptum á búi hans eða veðandlagið er sérstök sameign veðsala og annars aðila. Til þess að tiltekinn aðili geti sett ákveðna eign eða fjárverðmæti að veði er nauðsynlegt að hann sé eigandi eð hafi samþykki frá réttum eiganda til þess að veðsetja eignina sbr. Hrd. 334/1999 en þar var talið að ekki væru uppfyllt skilyrði til veðsetningar þar sem eingöngu tveir stjórnarmenn samþykktu veðsetninguna en fram kom í samþykktum S ehf að stjórnin væri sett þremur einstaklingum og undirskrift allra þriggja saman þyrfti til þess að samþykkja veðsetninguna.

## **5.2 Lög og samningsbundar takmarkanir á heimild til veðsetningar**

Eins og áður kom fram í kafla 3.1 þá veitir veðréttur heimild fyrir kröfuhafa að ganga á fjárhagsleg verðmæti skuldara til þess að tryggja efndir tiltekinnar skuldar. Meginreglan er sú, að stofna má til veðréttinda yfir hvers konar verðmætum sem hafa fjárhagslegt gildi.<sup>51</sup> Í þeim tilvikum að ákveðin réttindi eru háð takmörkunum um að ekki sé hægt að framselja þau eða einungis hægt að framselja þau að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þá gilda sömu takmarkanir og gilda um heimild til veðsetningar á réttindunum sbr. 2. mgr. 3. gr. svl. Þetta segir okkur að ef ekki er hægt að framselja ákveðin réttindi er heldur ekki hægt að veðsetja þau ásamt og ef framsalið er háð skilyrðum þá eru sömu skilyrði sem gilda um veðsetninguna. Ef veðsetning brýtur þessu reglu, þ.e. ef réttindi sem eru ekki framseljanleg eru veðsett hlýtur veðsetningin ekki réttarvernd og er hægt að ógilda hana en það ræðst að fullu á þeirri lagareglu eða samningsákvæði sem setur skilyrðin eða bannar framsalið.<sup>52</sup>

Krafa öðlast réttarvernd við það að skuldaranum er tilkynnt að krafan sé veðsett, hvort sem það er frá veðsala eða veðhafa sbr. 1. mgr. 46. gr. svl. og öðlast veðsetningin réttarvernd með sama hætti sbr. 2. mgr. 46. gr. svl. Þetta segir okkur það að til þess að almenn kröfuréttindi og veðsetning í kröfuréttindum hljóti réttarvernd þarf skuldarinn að vera meðvitaður um að krafan hafi verið veðsett og skiptir engu hvort það sé veðsali eða veðhafi sem tilkynnir skuldara um veðsetninguna.

---

<sup>51</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur bls. 118.

<sup>52</sup> Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur bls. 118.

### 5.3 Takmarkanir á veðsetningaheimild einstaklinga

Seðlabanki Íslands setur ýmsar reglur í þeim tilgang að tryggja fjármálastöðugleika og treysta viðnámsþrótt lánveitanda og lántaka gagnvart ójafnvægi á húsnæðismarkaði. Heimild Seðlabanka Íslands til þess er að finna í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Fram kemur í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda að óheimilt er fyrir lánveitanda að veita fasteignalán ef veðsetningahlutfall fer yfir hámarkið sem Seðlabanki Íslands setur sbr. 1. mgr. sömu laga.

Samkvæmt tilmælum Seðlabanka Íslands er hámark veðsetningahlutfall fasteignalána 80% af markaðsverði fasteignarinnar. Undanþága er veitt til fyrstu kaupenda og er heimilt að veðsetja fasteign í þeim tilvikum fyrir allt að 90% af markaðsvirði fasteignarinnar, ef hluti kaupenda uppfylla skilyrði um fyrstu kaup er hámarkið í hlutfalli við það sbr. 3. gr. regla nr. 778/2021 um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignaláns til neytenda.

Veðsetningarhlutfall er hlutfall af markaðsvirði fasteignar sem veitt eru veð fyrir og er reiknað í samræmi við ákvæði 25.-26. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda og sbr. 2. gr. regla nr. 778/2021 um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignaláns til neytenda.

Frekari takmarkanir er að finna í 27. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda en þar eru neytendum settar takmarkanir í hlutfalli við tekjur þeirra. Þar er Seðlabanki Íslands veitt heimild til þess að setja takmarkanir á heildarfjárhæðum fasteignaláns og greiðslubyrðar í hlutfalli við tekjur hjá neytendum og er lánveitendum óheimilt að veita fjármögnun ef heildarfjárhæð eða greiðslubyrði fari umfram þau skilyrði sem sett eru skv. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Eins og áður er sérstaklega komið inn á að aukið svigrúm er veitt til fyrstu kaupenda fasteigna.

## 6 Niðurstöður

Ljóst er að ýmsar áhættur fylgja viðskiptum með kröfuréttindi og er mikið regluverk til staðar um hvernig standa skuli að þeim viðskiptum. Gæt þarf almennt vel af ýmsum formreglum til þess að veðsetning og framsal kröfuréttindi öðlist réttarvernd.

Til þess að mögulegt sé að knýja fram efndir þarf kröfuhafi að geta sýnt fram á tilvist kröfunnar með ótvíræðum hætti og bera að meta sönnunarbyrðina hjá kröfuhafanum sbr. Hrd. 21/2001. Kröfuhafi er því með ábyrgðina á því að tryggja tilvist gagna og annarra sönnunarganga sem geta sýnt fram á tilvist kröfuréttindanna ella geta þau glatast.

Ótvírætt þarf að vera hvaða tegund að kröfuréttindum er verið að eiga viðskipti með sbr. Hrd. 51/2019. Ef óljóst eða ósannað er að um viðskiptabréf sé að ræða geta áhrifin á réttarstöðu bæði kröfuhafa og skuldara verið veruleg og mismunandi reglur gilda um hvor tegundina fyrir sig. Þeir sem eiga viðskipti með kröfuréttindi þurfa því að vera með það alveg á hreinu hvor tegundin er andlag viðskiptanna þar sem um verulegt frávik frá almennum reglum um framsal kröfuréttinda á við um viðskiptabréfakröfur.

Veð stofnast ekki í handveðssettum fjárverðmætum fyrr en búið er að afhenda hlutinn og hefur stofnast ekki veð í handveðskröfum fyrr en fjármunirnir eru komnir inn á handveðsetta bankareikninginn sbr. 334/2000. Ekki er nóg að yfirlýsing sé til staðar um ráðstöfun til þess að tryggja réttarvernd. Þetta þarf sá sem stundar slík viðskipti að vera meðvitaður um. Þangað til fjármunirnir eru komnir á bankareikning er meðal annars hægt að gera fjárnám í kröfuréttindum sbr. 334/2000.

Gæta þarf að orðlag og tilgangur samnings sé skýr. Taka þarf sérstaklega fram að um veðsamning sé að ræða að öðru leyti öðlast samkomulagið ekki réttarvernd. Orðalag þarf einnig að vera mjög skýrt ef um framsal krafna sé að ræða og þarf framseljandi meðal annars að skrifa undir sem framseljandi og þarf eins og áður tilgangur samkomulagsins að vera skýr og jafnvel koma fram í yfirskrift samkomulagsins sbr. Hrd. 334/2000. Sé tilgangur og orðalag samkomulagsins ekki skýr á að um sé að ræða framsal eða veðsetningu er hætta á að veðrétturinn eða framsalið öðlist ekki réttarvernd.

Skuldari þarf að vera fullu meðvitaður um þau skilyrði sem honum er sett í viðskiptum með kröfuréttindi. Hann ber ábyrgð að uppfylla þau skilyrði sem honum er sett og séu þau ekki uppfyllt gæti skuldarinn verið ábyrgur fyrir því sbr. Hrd. 491/2016 þar sem skuldara var gert að greiða kröfuna aftur þar sem greiðslustaður kröfunnar var ekki réttur.



Reikningur sá sem stofnaði til kröfunnar var áritaður af hálfu veðhafa um greiðslustað og þegar skuldari greiddi kröfuna var hún greidd á annan greiðslustað. Þar sem skuldari hefði mátt vera meðvitaður um réttan greiðslustað og fyrirmæli um greiðslustaðinn voru skýr var skuldara gert að greiða kröfuna á ný á réttan greiðslustað. Greiða þarf kröfuna á réttan stað til þess að greiðsluskylða falli niður.

Tryggja þarf einnig að krafa fyrnist sbr. 1. mgr. 1. gr. fyrnl. ekki en almennur fyrningatími krafna eru fjögur ár sbr. 3. gr. fyrnl. og þarf meðal annars að þinglýsa veðrétti í almennum kröfum á fjögurra ára fresti sbr. 27. gr. fyrnl. en þar segir að fyrning hefur ekki áhrif á veðrétt ef hann stendur óhaggaður þótt krafan falli niður. Þeir sem veðsetja almenn kröfuréttindi þurfa því að endurnýja veðrétt sinn á fjögurra ára fresti.

Það er ótvírætt að mörgu þarf að gæta að þegar stunduð eru viðskipti með kröfuréttindi þarf lítið til þess að samningur eða veð öðlist ekki réttarvernd.

## Heimildaskrá

Ólafur Lárusson. (1965). Kaflar úr kröfurétti Ólafs Lárussonar. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Þorgeir Örlygsson. (1992). Skuldaraskipti. Tímarit lögfræðinga (42), 19 - 57.

Þorgeir Örlygsson. (1994). Kröfuhafaskipti. Tímarit lögfræðinga (44), 72 - 111.

Þorgeir Örlygsson. (2002). Veðréttur. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur 1:

Efndir kröfu. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen. (2020). Eignarréttur I:

Almennur hluti. Reykjavík: Fons Juris útgáfa ehf.,

## **Lagaskrá**

Lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991

Lög um sanningsveð nr. 75/1997

Lög um lausafjárkaup nr. 50/2000

Lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007

## **Dómaskrá**

Hrd. 1985, bls. 1339 (131/1984)

Hrd. 1987, bls. 348 (112/1986)

Hrd. 1996, bls. 2399 (260/1996)

Hrd. 1999, bls. 5021 (334/1999)

Hrd. 2000, bls. 4122 (153/2000)

Hrd. 2000, bls. 2648 (334/2000)

Hrd. 2001, bls. 372 (21/2001)

Hrd. 2004, bls. (248/2003)

Hrd. 148/2014

Hrd. 82/2012

Hrd. 505/2015

Hrd. 491/2016

Hrd. 51/2019

